

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Þar sem bifreiðastæði eru afmörkuð með yfirborðsmerkingum eða frábrugðnu yfirborði skal ökutækjum lagt innan afmörkunar.
2. Að bifreiðastæðið við Laugardalsvöll verði merkt sem bifreiðastæði eingöngu ætluð fólksbifreiðum. Undanþegin banninu verði vöruafhending og hópbifreiðar í akstri vegna Laugardalsvallar.

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að stígur milli Jöfursbáss 5 og 7 verði merktur sem sameiginlegur göngu- og hjólastígur.
2. Að akstur vörubifreiða verði bannaður í Bröttugötu.
3. Að bann verði lagt við vinstri beygju af Bríetartúni á Borgartún.
4. Að viðbragðsaðilar verði undanþegnir einstefnu á Bríetartúni til vesturs, vestan við Bríetartún 1.
5. Að eitt bifreiðastæði við Nýlendugötu 19A verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 3. nóvember 2025.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 17. nóvember 2025